



Stofnanasamningur milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og MS setursins

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) annars vegar og MS setrið hins vegar, gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi milli Fíh og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra hjúkrunarfræðinga sem starfa á MS setrinu og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

1. Markmið

- Að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum MS setursins.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga til áhrifa á framgang í starfi.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum MS setursins.

2. Starfaflokkun og grunnröðun í launaflokka

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfsheitum og starfaflokkun má finna í viðauka 1 með samningi þessum.

Starfsheiti	lfl.
Hjúkrunarfræðingur 1	7
Hjúkrunarfræðingur 2	8
Hjúkrunarfræðingur 3	9
Hjúkrunarstjóri	11

Ofangreind launaröðun er grunnröðun. Starfsmaður getur raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4. og 5.grein.

3. Mat persónubundnum þáttum

4.1 Viðbótarmenntun

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi fær menntun sína metna á eftirfarandi hátt:

Diplómapróf, 30 ECTS einingar	1 þrep
Diplómapróf, 60 ECTS einingar	2 þrep
Meistarapróf, 120 ECTS einingar	4 þrep
Doktorspróf	6 þrep

Hækkanir vegna viðbótarmenntunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

4.2 Símenntun

Námskeið og fagráðstefnur	96 klst.	1 þrep
Námskeið og fagráðstefnur	192 klst.	1 þrep

Einungis eru metin námskeið sem talin eru nýttast í starfi og hafa verið sótt á sl. fimm árum.

4.3 Starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur eftir útskrift

Eftir 5 í starfi	1 þrep
Eftir 10 í starfi	1 þrep

4.4 Hollusta við stofnun

Eftir 3 ár í starfi	1 þrep
Eftir 6 ár í starfi	1 þrep
Eftir 15 ár í starfi	1 þrep
Eftir 20 ár í starfi	1 þrep

4.5 Önnur atriði

Hjúkrunarfræðingur sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofan á grunntöflu launaflokks sem er umfram 8. þrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

4. Kröfur umfram starfslýsingu

Heimilt er að greiða sérstaka umbun sbr. grein 1.1.3. í kjarasamningi aðila. Umbunin getur verið vegna sérstakra verkefna eða álags.

5.1 Sérstök verkefni

Forstöðumanni er heimilt að gera skriflegan tímabundinn samning við hjúkrunarfræðing sem er í 50% starfshlutfalli eða meira um að taka að sér sérstök tímabundin verkefni. Hjúkrunarfræðingur getur fengið 1-2 launaflokka ofan á grunnröðun sína fyrir umsjón og ábyrgð á sérstökum skilgreindum verkefnum eða ábyrgð sem fellur utan hefðbundinna starfa. Sérstök verkefni geta staðið yfir að hámarki 12 mánuði í senn.

Verkefni skal skilgreina í tímabundnum samningi þar sem kveðið er á um umfang, kröfur, efnispætti, árangur og annað sem skiptir máli við vinnslu verkefnisins. Að loknu hinu tiltekna tímabili fellur samningurinn og launaviðbótin sjálfkrafa niður án sérstakrar uppsagnar af hálfu stofnunar nema samningnum hafi verið framlengt.

5.2 Tímabundið álag

Forstöðumanni er heimilt að gera skriflegan tímabundinn samning við hjúkrunarfræðing um að greiða eitt þrep fyrir sérstakt tímabundið álag. Í samningnum skulu koma fram skýr rök fyrir greiðslu vegna álags.

6. Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2021

Reykjavík 17. ágúst 2021

F.h. MS setursins

f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Viðauki 1 - Skilgreining á starfsheitum

Hjúkrunarfræðingur 1

Nýútskrifaður hjúkrunarfræðingur. Tekur sjálfstæðar vaktir.

Hjúkrunarfræðingur 2

Hjúkrunarfræðingur með meira en eins árs starfsreynslu. Getur tekið sjálfstæðar vaktir og er komin vel á veg í starfi. Stjórnar, skipuleggur og framkvæmir verkefni. Skipuleggur störf annarra.

Hjúkrunarfræðingur 3

Hjúkrunarfræðingur sem er fær í starfi. Stjórnar, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð. Leiðbeinir nemum og nýju starfsfólki og eða skipuleggur störf annarra. Tekur virkan þátt í starfsþróun á sinni starfseiningu. Tekur þátt í gæðastarfi. Skipuleggur og veitir fræðslu til heimilismanna og aðstandenda

Hjúkrunarstjóri

Fagleg stjórnun starfeiningar. Hjúkrunarstjóri ber ábyrgð á þeirri hjúkrun sem er veitt á starfseiningu. Skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð. Leiðbeinir nemum og nýju starfsfólki og/eða skipuleggur störf annarra. Tekur þátt í gæðastarfi og teymisfundum. Tekur virkan þátt í starfsþróun á sinni einingu. Skipuleggur og veitir fræðslu til skjólstæðinga og aðstandenda.